

Sp. 301. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]
um landvist Patric Gervasonni.

Flm.: Stefán Jónsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að beina því til stjórnvalda, að Frakkanum Patric Gervasonni verði heimiluð vist á landi hér.

Greinargerð.

Í þingskjali þessu verður ekki rakin ferðasaga Patric Gervasonni frá bernsku í frönsku munaðarleysingjahæli til Íslandsstranda né sá málarekstur sem sprottinn er af hérvist hans, enda sennilegt að alþingismenn muni greina á um túlkun ýmissa málsatvika. Hið virðist okkur, að hér hafi nú borist á land þess háttar útlendingur sem býsna hart hefur orðið úti í samtíð sinni, en þó ekki sakaður um neinn þann verknað sem til vansæmdar telst á landi hér, og við hæfi að telja honum til vorkunnar fremur en foráttu að skillítið fólk hefur aukið á vandræði hans undir yfirskeyni vináttu. Íslendingar hafa fyrr veitt erlendu fólki hæli þótt minni nauður ræki í okkar hús, og reiknast til drengskapar. Flutningsmenn vilja í engu kasta rýrð á störf þeirra embættismanna, sem unnið hafa að því af einurð að stemma stigu við því, að misindisfólk setjist að á landi hér, en telja að illa væri komið ef til þess leiddi að nauðleitarmanninum Patric Gervasonni yrði nú vísað út í tvísýnu.